

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar  
vegna verslunar og þjónustu í Húsafelli.**

Skipulagsstofnun staðfesti 1. desember 2022 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. nóvember 2022.

Í breytingunni felst að skilgreint er um 5,3 ha svæði fyrir verslun og þjónustu (S12) í landi Húsafells 1 og Bæjargils vegna áforma um starfsemi tengda ferðaþjónustu. Fyrirhuguð er bygging allt að 6 frístundahúsa til útleigu vestan Gamla bæjar auk þess sem heimilt verður að stækka Gamla bæ. Landbúnaðarsvæði minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 1. desember 2022.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. desember 2022